

Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um starfsemi Framtakssjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Leitað var til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um svör við fyrirspurninni og er eftirfarandi byggt á upplýsingum frá sjóðnum.

1. *Hvernig hefur 1 milljarði kr. sem ríkisstjórnin lagði til Framtakssjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins af söluandvirði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. verið ráðstafað og hver hefur annast vörslu sjóðsins?*

Í 7. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, segir m.a. svo um framlög í Framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs og markmið hans: „... Höfuðstól samkvæmt þessari málsgrein skal halda aðgreindum frá bókhaldi og reikningum sjóðsins og verja til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal bjóða út vörslu fjárens og ráðstöfun í einingum með það að markmiði að hámarka arð eignarinnar samkvæmt nánari reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnarinnar. ...“

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins bauð stofnfé þetta út til ráðstöfunar og ávöxtunar í fernu lagi og var hver hlutur 250 millj. kr. Krafa var gerð um 125 millj. kr. móttframlag frá hverjum þeirra sem fékk þessa hluta til ráðstöfunar. Þannig varð stofnfé sjóðanna fjögurra samtals 1.500 millj. kr. Tilboði var tekið frá eftirtöldum aðilum:

- Fjárfestingafélagi Vestmannaeyja hf., með aðsetur í Vestmannaeyjum,
- Fjárfestingafélagi Austurlands hf., með aðsetur á Reyðarfirði,
- Landsbankanum – Framtakssjóði ehf., með aðsetur á Akureyri,
- Framtakssjóði EFA, með aðsetur í Reykjavík.

2. *Í hvaða fyrirtækjum hefur sjóðurinn fjárfest og hvert er starfssvið þeirra, skipt eftir sveitarfélögum og kjördæmum?*

Sjóðirnir fjórir hafa fjárfest í eftirtöldum félögum:

Nafn	Staður	Starfssvið
Atferlisgreining ehf.	Reykjavík	Hugbúnaðarframleiðsla til atferlisgreininga
Bergspá ehf.	Akranes/Reykjavík	Hugbúnaður til greiningar á steinefnum
BonusOrtho ehf.	Ólafsfjörður/Reykjavík	Þróun og markaðssetning á nýrri aðferð til framleiðslu á bæklunarskóm
CCP hf.	Reykjavík	Framleiðsla og sala tölvuleikja á netinu
DomesticSoft	Reykjavík	Hugbúnaður til samtengingar á smágreindum tækjum
Fiskey hf.	Eyjafljörður	Lúðueldi
Foxhall ehf.	Akranes	Þróun og framleiðsla á eldvarnarfatnaði
Framtíðartækni hf.	Reykjavík	Þróun á aðferðum og tækjum til lækninga og rannsókna

Gagnvirk miðlun hf. Hvítserkur hf. (Interseafood)	Höfn, Hornafirði Vestmannaeyjar/Reykjavík	Þróun gagnvirkis sjónvarps Rekur upplýsinga- og viðskiptavef fyrir sjávarútveg á internetinu
Idega hugbúnaður hf. Landmat International ehf.	Reykjavík Reykjavík	Nethugbúnaðarfyrirtæki Virðisaukandi þjónusta fyrir rekstraraðila farsímakerfa
Lifeind ehf.	Reykjavík	Þróun og markaðssetning nýrra aðferðafræðilegra lausna í lífvísindum
Markmar ehf.	Reykjavík	Hugmyndafyrirtæki um vinnslu úr sjávarfangi með líftækni
Martel ehf. Nikita ehf.	Húsavík Reykjavík	Gervihnattafarsímaþjónusta Hönnun og markaðssetning á brettafatnaði fyrir konur
Norðuris hf.	Höfn, Hornafirði	Framleiðsla og sala á bragðefnum úr sjávarfangi
Orf líftækni hf.	Reykjavík	Framleiðsla hágæðapróteins úr erfðabreyttum plöntum
Prokaría hf. Skrín ehf. Stofnfiskur hf.	Reykjavík Akureyri Akureyri	Líftækniyrirtæki Tölvuþjónusta Framleiðsla lax-, bleikju- og regnbogasilungshrogna
Sæbýli hf. Títan hf. Umsýn hf.	Vogar, Vatnsleysuströnd Reykjavík Reykjavík	Sæyrna- og sandhverfueldi Fjarskiptafyrirtæki Framleiðsla og sala á tölvuhugbúnaði til eignaumsýslu
Veðvörur ehf. (Betware)	Reykjavík	Hugbúnaðarframleiðsla fyrir getraunir og lottó á netinu
Vefur – Samskiptalausnir ehf.	Selfoss/Reykjavík	Hugbúnaðar- og veflausnir og þjónusta tengd netinu
Þórsbrunnur hf.	Reykjavík	Vatnsútflutningsfyrirtæki

Alls eru þetta 27 fyrirtæki. Flest eru í öðru hvoru Reykjavíkurborgardæminu, eða 15. Tvö eru í Norðvesturkjördæmi, fimm í Norðausturkjördæmi, þrjú í Suðurborgardæmi og eitt í Suðvesturkjördæmi.

3. Er hægt að sjá merkjanlegan árangur af fjárframlögum eða lánum sjóðsins, þ.e. ef litið er til heildarveltu fyrirtækjanna og starfsmannafjölda þeirra?

Framtakssjóðunum er einungis heimilt að kaupa hlutafé, ekki veita lán. Fjárfestingar framtakssjóðanna hafa skipt miklu máli fyrir þau fyrirtæki sem þeir hafa komið að. Frá árslokum 2000 hefur verið viðvarandi skortur á áhættufé til að leggja í ný fyrirtæki. Einkum hafa fyrirtæki sem starfa við upplýsinga- og hátækni fundið fyrir þessum skorti. Ef fjármagn framtakssjóðanna hefði ekki verið til ráðstöfunar verður að draga í efa að mörg þeirra fyrirtækja sem nú eru starfandi væru til.

Nokkur fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota, sum sameinast öðrum, nokkur hafa sjóðirnir selt en önnur eru í fullum rekstri. Ekki hefur verið haldið saman gögnum um heildarveltu allra þessara fyrirtækja né hver starfsmannafjöldi þeirra hefur verið frá því að sjóðirnir tóku til starfa. Ekki hefur farið fram sérstök rannsókn á því hver heildarvelta fyrirtækjanna hefur verið á hverjum tíma eða starfsmannafjöldi.

4. *Telur ráðherra að markmið sjóðsins um fjárfestingar á landsbyggðinni hafi náðst?*

Þrátt fyrir almennan skort á áhættufé til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja, sbr. svar við 3. tölul. fyrirspurnarinnar, er ljóst er að eftirspurn úti á landi eftir því fjárfestingarfé sem til ráðstöfunar hefur verið í framtakssjóðunum reyndist minni en ráð var fyrir gert. Því urðu sjóðirnir að fjárfesta í félögum utan upphafslega skilgreindra svæða. Markmið sjóðanna um hina landfræðilegu afmörkun náðust því ekki.

5. *Hver hefur verið árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins frá því að hann hófstörf, á verðlagi 31. desember 2005, skipt eftir launum, húsnæðiskostnaði, sérfræðiaðstoð og öðrum kostnaði?*

Í samningunum sem gerðir voru árið 1999 um vörslu sjóðanna var samið um 3% vörslubóknun af upphaflegu fé þeirra. Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs hefur því ekki greitt með beinum hætti laun, húsnæðiskostnað, sérfræðiaðstoð eða annan kostnað. Allur þessu kostnaður hefur verið innifalinn í vörslubóknuninni og því liggja þessar upplýsingar ekki fyrir sundurliðaðar.